

Sb.

745. Tillaga til þingsályktunar

[280. mál]

um söfnun og úrvinnslu íslenskra þjóðfræða.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Guðmundur H. Garðarsson, Eðvarð Sigurðsson,
Sighvatur Björgvinsson, Magnús T. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til að efla eins og fært þykir þá söfnun og úrvinnslu íslenskra þjóðfræða, sem fer fram á vegum þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að heimildir um daglegt líf manna, venjur þeirra, listiðkun og vinnubrögð, hverfa og gleymast óðfluga með hverri kynslóð. Ástæðan er sú, að þessi sjálfsögðu atriði geymast einna síst í opinberum gögnum, öfugt við t. d. almenna stjórn mála-, verslunar- eða hagsögu. Síðar meir verður mönnum hins vegar einatt mikil eftirsjá að því, að þessum heimildum skuli ekki hafa verið haldið til haga.

Eina íslenska stórvirkið á þessu sviði, sem enn hefur séð dagsins ljós, er bókin Íslenskir þjóðhættir eftir sr. Jónas Jónasson frá Hrafnagili. Hún er þó ekki annað en ófullgert yfirlitsrit, enda unnið á síðustu 10 æviárum þess mæta manns og var hvergi nærri frágengið, þegar höfundur féll frá. Dr. Einar Ól. Sveinsson bjó þann efnivið til prentunar árið 1934, 16 árum eftir dauða sr. Jónasar.

Skipuleg þjóðháttasöfnun lá síðan að mestu leyti niðri í rúm 40 ár eftir dauða sr. Jónasar eða þar til Alþingi veitti Þjóðminjasafninu nokkurn styrk til þessarar starfsemi árið 1959 og sérstök þjóðháttadeild var stofnuð við safnið á 100 ára afmæli þess árið 1963.

Þótt síðan hafi kappsamlega verið unnið að þess konar söfnun, kom brátt í ljós, að hin öra þróun og breytingar með búsetu- og tæknibyltingu á fyrrnefndum fjórum áratugum hefur sópað burt svo mörgum menningarsögulegum þáttum, að ekki er gerlegt að halda í við og brúa bilið, nema fleiri starfskraftar komi til. Er hér einkum um að ræða árabilið frá síðustu aldamótum og fram um 1930, því að Jónas frá Hrafnagili heldur sig eðlilega mest við 19. öldina og þaðan af eldri tíð.

Nú munu ekki vera eftir nema um 900 manns á landinu 85 ára og eldri, fólk sem ætti aldurs vegna að geta munað eftir sér frá því um og fyrir aldamót. Einungis hluti þeirra mun þó fær um að veita upplýsingar af heilsufarsástæðum. Ástandið er vitneskja, sem einvörðungu býr í minni aldraðs fólks, verður ekki grafin úr jörðu síðar meir eins og sumar aðrar minjar.

Svipaða sögu er að segja af öðrum greinum þjóðlegra fræða: sögnum, kvæðum, þulum, þjóðlögum og dönsnum. Að söfnun þess háttar efnis hefur einkum verið unnið á vegum Stofnunar Árna Magnússonar hin síðari ár, en margir einstaklingar hafa þar að auki lengi lagt hönd á plóginn.

Enn hefur mjög lítið verið unnið úr því margháttada efni, sem þegar hefur safnast, til að koma því fyrir almennings sjónir og heyrn. Að vísu má segja, að það glatist ekki, sem þegar hefur verið safnað, ef menn vilja endilega láta framtíðina um úrvinnsluna. En bæði er farið mikils á mis að fá ekki að líta augum sem fyrst niðurstöður af söfnunarstarfinu, og í öðru lagi er miklum mun heppilegra, að sömu menn og safna vinni úr því efni, heldur en óþekktir fræðimenn í framtíðinni, sem eðlilega verða enn fjarlægari vettvangi en þeir, sem enn eru á dögum. Samhliða úrvinnsla getur komið í veg fyrir margs konar misskilning seinna meir.

Af þessum sökum er ljóst, að mjög brýnt er að efla þessa starfsemi nú þegar, þótt seint sé, ef menn telja varðveislu slíkra heimilda um daglegt líf og listiðkun yfirleitt nokkurs virði.